

30. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.11 2019, kl. 13:30

Mættir voru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson. Sigurður Magnússon frá INNI fasteignasölu mætti undir 1. lið, og Sveinn Ingimarsson undir 10 d. lið.

Dagskrá

1. Laugarfellsskáli

- a) Umsóknir um rekstur skálans. *Sigurður Magnússon frá INNI mætti á fundinn.*
- b) Úttekt , minnisblað byggingarfulltrúa 02.10 2019

2. Gistihús , erindi Sigríðar Huldu Stefánsdóttir dags. 27.09 2019

3. Endurskoðuð drög að fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

4. Valþjófsstaður, sögusvæði

Bréf Hjörleifs Guttormssonar dags. 03.10 2019, ásamt fylgigögnum

5. Hengifoss,

- a) Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2019 v. byggingar þjónustuhúss
- b) Stígur að Hengifossi, endurbætur og viðhald
- c) Friðlýsing, erindi Umhverfisstofnunar dags. 13.03 2019

6. Bréf

- a) Artic Hydro ehf dags. 25.10 2019
- b) Þjóðskrá Íslands 10.10 2019
- c) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 10.10 2019
- d) EBÍ Brunabót dags. 08.10 2019
- e) Búnaðarsamband Austurlands dags. 29.10 2019
- f) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 30.10 2019
- g) Arna Björg Bjarnadóttir, tölvupóstur 30.10.2019
- h) Skólaskrifstofa Austurlands 01.11 2019, aðalfundarboð

7. Fjárbeiðnir

- a) Stígamót

- b) Krabbameinsfélag Íslands
- c) Leikfélag Fljótshéraðs
- d) Skáksamband Austurlands

8. Menntastyrkir

- a) Helga Eyjólfsdóttir
- b) Anna Jóna Árnarsdóttir
- c) Gunnar Jónsson
- d) Gunnþórunn Ingólfsdóttir
- e) Dagrún Drótt Valgarðsdóttir
- f) Guðbjörg Pálsdóttir

9. Umhverfisstyrkir

Jósef Valgarð Þorvaldsson, Víðivöllum fremri

Eiríkur og Matthildur , Arnheiðarstöðum

Guðmundur Pétursson , Bessastaðagerði

Hörður og Guðbjörg, Víðivöllum ytri 1

10. Fundargerðir

- a) Samfélagsnefnd 03.10 og 17.10 2019
- b) Upphéraðsklasi 24.10 2019
- c) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótshrepps og Landsbankans 23.10 2019, endurnýjaður samstarfssamningur
- d) Brunavarnir á Héraði 21.10 2019, *Sveinn Ingimarsson fulltrúi Fljótshrepps í stjórn Brunavarna mætir á fundinn.*
- e) Brunavarnir á Austurlandi 15.10 2019
- f) HAUST 15.10 2019
- g) Byggingarnefnd 30.09 2019, ásamt minnisblaði um vettvangsferð Byggingar –og skipulagsnefndar 30.09 2019
- h) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 23.09 2019
- i) Húsnefnd Végarðs 30.10 2019

j) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 01.11 0219

11. Skýrsla oddvita

12. Önnur mál

1. Laugafellsskáli

a) Umsóknir um rekstur skálans. *Sigurður Magnússon fasteignasali sat þennan dagskrárlið.*

Tvær umsóknir bárust í rekstur Laugafellsskála. Frá Óbyggðasetrinu ehf og Erica Sieling og Leva Vedeikaite. Sigurður fór yfir umsóknirnar og og í framhaldinu var ákveðið taka viðtöl við umsækjendur , stefnt er á að það verði þriðjudaginn 12. nóvember.

b) Úttekt , minnisblað byggingarfulltrúa 02.10 2019

Farið var yfir eignalista núverandi rekstaraaðila Laugafellsskála og fram fóru umræður um hvaða hluti sveitarfélagið hefði hug á að kaupa. Oddvita falið að taka saman minnisblað um það fyrir næsta fund.

2. **Gistihús** , erindi Sigríðar Huldu Stefánsdóttir dags. 27.09 2019

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis og fól Lárusi fundarstjórn

Málinu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar sem áætlaður er 12. nóvember.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

3. **Endurskoðuð drög að fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.**

Farið var yfir nýjar breytingar á 4 greinum á drögum að Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Eiríkur kom með tillögu að breytingu á 11. grein og myndi þá greinin hljóða þannig (rautt táknað breytingar):

Eftir að fé hefur verið sleppt að vori og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afréttir eða upprekstrarheimalönd, né valda búpeningi sem þar gengur ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Heimilt er þá sveitarstjórnnum að ákveða smölun afrétta og upprekstrarheimalanda á því tímabili, ef þær aðstæður kynnu að skapast sem krefðust þess. Fjáreigandi sem hyggst smala heimaland frá 1. september, skal tilkynna fjallskilastjóra um það með þriggja daga fyrirvara hið minnsta. **Honum er skylt að gera skil á afbæjarfé og eiganda að sækja það.** Óheimilt er að valda búpeningi í ógirtum heimalöndum ónæði allt frá því fé er sleppt að vori til **1. september.**

Bent var á óskýrt orðalag í 22. grein, þar sem talað er um að bóndi eða umráðamaður jarða eigi að „hirða kindur sem finnast í heimalandi hans eftir að fjallskilum er lokið“

Samþykkt að vísa breyttum drögum að fjallskilasamþykkt til umræðu í fjallskilanefnd.

4. Valþjófsstaður, sögusvæði

Bréf Hjörleifs Guttormssonar dags. 03.10 2019, ásamt fylgigögnum

Kynnt. Fyrirhugað er koma upp sögusvæði sem segir sögu Valþjófsstaðar, við norðurenda bílastæðis við Valþjófsstaðakirkju. Óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði við gerð sögusvæðisins, á móti Kirkjugarðasjóði. Kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins myndi vera vegna jarðvegsvinnu og frágangs svæðis og er áætluð um 4.800.000 kr.. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina og mun gera ráð fyrir fjármunum í verkefnið við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

5. Hengifoss,

- a) Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2019 v. byggingar þjónustuhúss

Kynnt. Umsókn ásamt ítarlegum fylgigögnum var send inn fyrir lok umsóknarfrests.

- b) Stígur að Hengifossi, endurbætur og viðhald

Fara þarf í frekari uppbyggingu á stígnum, en þurft hefur að loka stígnum a.m. tvisvar á þessu ári vegna traðks og skemmda á landi. Brugðist var við skemmdum með því að afmarka stíginn enn frekar með girðingu/afmörkun, en þar var einvörðungu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða og skemmdir innan afmörkunar héldu áfram. Samkvæmt talningartölum fjölgar enn þeim ferðamönnum sem ganga að fossinum, fjölgun er mest á haustin. Landvarsla á svæðinu er meiri í ár en áður vegna sérstaks framlags Umhverfisráðuneytis til Snæfellsstofu til að sinna landvörslu.

- c) Friðlýsing, erindi Umhverfisstofnunar dags. 13.03 2019

Byggingar- og skipulagsnefnd hefur fjallað um málið og er jákvæð gagnvart því. Sveitarstjórn er sammála um að fresta því að taka formlega afstöðu til friðlýsingar svæðisins, þar til skýrist hver verður framvinda byggingarframkvæmda þjónustuhúss á svæðinu.

6. Bréf

- a) Artic Hydro ehf dags. 25.10 2019

Varðar rannsóknarleyfi á vatnasvæði Kelduár. Artic Hydro hyggst skila inn leyfinu.

- b) Þjóðskrá Íslands 10.10 2019

Varðar misræmingu í eigendaskráningu. Kynnt, lögræðingur sveitarfélagsins verður fengin til að skoða málið.

- c) Umhverfis- og auðlindaráðuneytið dags. 10.10 2019

Óskað eftir tilnefningum 3 fulltrúa og 3 til vara frá Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði í Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Fyrir hönd Fljótsdalshrepps eru tilnefnd Jóhann F. Þórhallsson og Kerstin König.

d) EBÍ Brunabót dags. 08.10 2019

Kynnt. Tilkynning um arðgreiðslur úr sjóðnum. Hlutur Fljótsdalshrepps er 20.500 kr..

e) Búnaðarsamband Austurlands dags. 29.10 2019

Könnun á hug sveitarstjórna að nýrri útgáfu á bókunum Sveitir og jarðir í Múlaþingi. Sveitarstjórn tekur jákvætt í málið og tilbúin að koma að því .

f) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 30.10 219

Varðar jafnréttisáætlanir sveitarfélaga. Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins er í endurskoðun.

g) Arna Björg Bjarnadóttir, tölvupóstur 30.10.2019

Varðar frístundastyrki í sveitarfélaginu. Erindið verður tekið fyrir við gerð fjárhagsáætlunar.

h) Skólaskrifstofa Austurlands 01.11 2019, aðalfundarboð

Aðalfundur er boðaður á Djúpavogi 8. nóvember klukkan 16:00. Oddviti er tilnefndur sem fulltrúi sveitarfélagsins.

7. Fjárbeiðnir

a) Stígamót. Hafnað

b) Krabbameinsfélag Íslands. Hafnað

c) Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Samþykkt að styrkja leikfélagið um 10.000 kr., vegna uppsetningar á leikverkinu Lína Langsokkur.

d) Skáksamband Austurlands

Samþykkt að styrkja firmakeppni í hraðskák 2019, um 10.000 kr..

8. Menntastyrkir

Samþykkt að taka fyrir 2 umsóknir sem bárust sveitarstjórn í dag þ.e. eftir að dagskrá var gefin út, frá Önnu Bryndísi og Hallgrími.

Til útskýringar varðandi menntastyrki : Hægt er að sækja um menntunarstyrk vegna námskeiða, endurmenntunar, námsferða, framhaldsskóla-og háskólanáms. Styrkur er veittur að teknu tilliti til lengds náms og getur mestur verið 190.000,- kr. á árinu 2019 og er þá miðað við fullt framhaldsskóla eða háskólanám. Styrkur vegna styttra náms s.s. námskeiða, námsferða og endurmenntunar er allt að 100 % af framlögðum kostnaðarnótum, þó að hámarki kr. 190.000 , - fyrir hvern einstakling á árinu 2019. Styrkur er greiddur út við framvísun staðfestingar á námi og/ eða framlögðum kostnaðarnótum

a) Helga Eyjólfadóttir

Samþykktur hámarksstyrkur 190.000 kr..

Gunnþórunn og Anna Jóna viku af fundi vegna vanhæfis

b) Anna Jóna Árnarsdóttir

Samþykktur hámarksstyrkur samkvæmt reglum sjóðsins

c) Gunnar Jónsson

Samþykktur hámarksstyrkur samkvæmt reglum sjóðsins

d) Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Samþykktur hámarksstyrkur samkvæmt reglum sjóðsins

e) Dagrún Drótt Valgarðsdóttir

Samþykktur hámarksstyrkur samkvæmt reglum sjóðsins

f) Anna Bryndís Tryggvadóttir

Samþykktur hámarksstyrkur samkvæmt reglum sjóðsins

g) Hallgrímur Þórhallsson

Samþykktur hámarksstyrkur samkvæmt reglum sjóðsins

Gunnþórunn og Anna Jóna komu aftur til fundar

h) Guðbjörg Pálsdóttir

Samþykktur styrkur vegna námskeiðskostnaðar 38.000 kr.

9. Umhverfisstyrkir

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

Jósef Valgarð Þorvaldsson, Víðivöllum fremri

Samþykktur hámarksstyrkur

Gunnþórunn kom aftur til fundar

Eiríkur vék af fundi vegna vanhæfis

Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum

Samþykktur hámarksstyrkur

Eiríkur kom aftur til fundar

Anna Jóna vék af fundi vegna vanhæfis

Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði

Samþykktur hámarksstyrkur

Anna Jóna kom aftur til fundar

Hörður og Guðbjörg, Víðivöllum ytri 1

Samþykktur hámarksstyrkur

10. Fundargerðir

a) Samfélagsnefnd 03.10 og 17.10 2019

Kynnt. Þórhallur Jóhannsson hefur tekið við formennsku í nefndinni fram að áramótum.

b) Upphéraðsklasi 24.10 2019

Kynnt.

c) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótshrepps og Landsbankans 23.10 2019, endurnýjaður samstarfssamningur

Kynnt. 2 umsóknir voru samþykktar af sjóðnum árið 2019. Fljótshreppur og Landsbankinn hafa endurnýjað samstarfssamning um verkefna- og rannsóknasjóð.

d) Brunavarnir á Héraði 21.10 2019, *Sveinn Ingimarsson fulltrúi Fljótshrepps í stjórn Brunavarna mætti*.

Fundargerð kynnt. Fjárhagsáætlun stjórnar vísað til fjárhagsáætlunargerðar Fljótshrepps. Ekki er áætlað fyrir endurbættum á húsnæði sem stjórn telur nauðsynlegt að ráðast í. Verið er að vinna ítarlega kostnaðaráætlun varðandi það. Sveinn kynnti sveitarstjórn að fallið hefur verið frá áformun um byggingu nýs húsnæðis fyrir starfssemi Brunavarna á Héraði, en viðhaldi núverandi húsnæðis hefur verið ábótavant og ljóst að ráðast þarf í endurbættur á því. Fljótshérað og Fljótshreppur standa saman að byggðasamlagi um Brunavarnir á Héraði.

e) Brunavarnir á Austurlandi 15.10 2019. Kynnt.

f) HAUST 15.10 2019. Kynnt.

g) Byggingarnefnd 30.09 2019, ásamt minnisblaði um vettvangsferð Byggingar –og skipulagsnefndar 30.09 2019

Kynnt og staðfest af sveitarstjórn. Ræða þarf samhliða fjárhagsáætlunargerði næsta árs, endurbættur á Hrakstrandarkofa og eldri húsum í Fjallaskarði.

h) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 23.09 2019. Kynnt.

i) Húsnefnd Végarðs 30.10 2019

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun vegna klæðningar útveggja á eldri hluta hússins.

Komin er tillaga að kaupum á hljóðfæri í Végarð Tillaga er um að keypt verði rafpíanó (gerð Kawai) kostnaður er áætlaður 800 – 900.000 kr þ.e. kaup á hljóðfærinu, stól og yfirbreiðslu ásamt flutningi. Samþykkt að hljóðfærið verði keypt hið fyrsta.

j) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 01.11 0219. Kynnt.

11. Skýrsla oddvita

Nokkrir Fljótsdælingar voru með í ferð sem Austurbrú og BSA skipulagði til Borgundarhólms sl. sumar, tókst ferðin vel og hlaut hópurinn mjög góðar móttökur. Konsúll Borgundarhólms ásamt eiginkonu var svo í heimsókn á Austurlandi um mánaðarmót september / október. Austurbrú skipulagði móttöku gestanna og heimsóttu þau m.a. Skriðuklaustur 1. október og var sveitarstjórn boðið þangað að hitta gestina. Vegna fundar með þingmönnum hafði sveitarstjórn ekki tók á að hitta gestina á Skriðuklaustri, en þar var þeim færð „Fljótsdæla“ að gjöf frá Fljótsdalshreppi,.

Sveitarfélög þau sem saman stóðu að málarekstri vegna skerðinga framlaga úr Jöfnunarsjóði, skiluðu sameiginlegum athugasemdum við frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Ráðuneytið bregst við Hæstaréttardómi um ólögmætar skerðingar með frumvarpi sem ætlað er að gera lögmætar skerðingar þær, sem dæmdar hafa verið ólögmætar.

Oddviti, varaoddviti og Jóhann sátu fund um Miðhálandisþjóðgarð, sem ráðherra umhverfis- og auðlindaráðherra boðað sveitarfélögin Fljótsdalshrepp og Fljótsdalshérað til 24. október, fundurinn var haldinn á Egilsstöðum og var hluti af funduferð ráðherra með sveitarfélögum sem land munu eiga að miðhálandisþjóðgarði, gangi hugmyndir þar að lútandi eftir.

Oddviti sat kynningarfund um lands- og landshlutaáætlanir í skógrækt, á Egilsstöðum 28. október.

Í forföllum oddvita sat varaoddviti fund Almanna- og Brunavarna Austurlands 15. Október.

Í forföllum oddvita fór Karl Óttar Pétursson bæjarstjóri Fjarðarbyggðar með umboð og atkvæði Fljótsdalshrepps á aðalfundi HAUST 2019 sem haldinn var á Breiðdalsvík.

Oddviti sat aðalfund SSA á Borgarfirði 11-12. Október. Þar var tilkynnt um að Gunnarsstofnun væri handhafi menningarverðlauna SSA árið 2019.

Sóknaráætlun Austurlands fyrir árin 2020-2024 er til kynningar í opnu samráðsferli í Samráðsgátt stjórnvalda, þar sem tekið er við athugasemdum og ábendingum til 8. nóvember.

Eldvarnareftirlitsskoðun í Fjallaskarðsskála leiddi í ljós nokkur atriði sem bæta þarf úr.

Kostnaður vegna minka- og refaveiða 2019 (skv. innsendu yfirliti til Umhverfisstofnunar 15. okt) er tæplega 1. millj. Veiddir voru 10 minkar, unnin 4 refagreni þar sem veidd voru 5 grendýr og 8 yrðlingar, hlaupadýr voru 10.

12. Önnur mál

- a) Rætt var um stöðu fjárhagsáætlunar og að enn eru bæir þar sem ljósastaurar virka ekki sem skildi, þrátt fyrir úrbótaferð.
- b) Rætt um náms- og menntastyrki og skilyrði um lögheimilisskráningu í Fljótsdal..
- c) Eiríkur afhenti sveitarstjórn ársreikning Landbótasjóðs Fljótsdalshrepp fyrir 2018.
- d) Sveitarfélagið fær styrk úr Orkusjóði til að setja upp rafhleðslustöð við Végarð að upphæð 900.000 kr..
- e) Oddviti hefur farið með kaupsamning að Végarðslóðum í þinglýsingu.
- f) Stefnt er að aukafundi þriðjudaginn 12. nóvember, þar sem á dagskrá verði m.a. 1. umræða fjárhagsáætlunar 2020 og þriggja ára fjárhagsáætlun.

Sama dag verða tekin verða viðtöl við umsækjendur um rekstur Laugarfellsskála. Gert er ráð fyrir viðveru lögmanns sveitarfélagsins til undirbúnings samningagerðar.

Fundi slitið 20:00

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Eiríkur J.Kjerúlf (sign)